



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2491
komudagur S.S. 2008

30. apríl 2008
SÍ-40430

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 10. apríl 2008 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, 515. mál, aðgerðir í tengslum við kjarasamninga.

Frumvarpið er að meginhluta lagt fram til að staðfesta fyrirheit ríkisstjórnarinnar 17. febrúar sl. í tengslum við undirritun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Samkvæmt orðalagi samningsins hlýtur að ríkja óvissa um forsendur hans.

Að mati Seðlabanka Íslands auka aðgerðirnar vöxt einkaneyslu sem nemur um $\frac{3}{4}$ úr prósentu á næsta ári og um tæplega $1\frac{1}{2}$ prósentu árið 2010. Hagvaxtaráhrifin eru heldur minni, um $\frac{1}{4}$ úr prósentu á næsta ári og um $\frac{1}{2}$ prósent árið 2010 því hluta tekjuaukans er ráðstafað til kaupa á innfluttri vöru og þjónustu. Áhrif aðgerðanna á þjódarbúskapinn árin 2011 og 2012 eru heldur meiri. Tekjur af neyslusköttum aukast samtals um tæplega 7 ma.kr fram til ársins 2010. Nettóáhrif aðgerðanna eru talin veikja afkomu ríkissjóðs um sem nemur 1% af landsframleiðslu.

Á móti auknum skatttekjum verður ríkissjóður fyrir skattatapi vegna þeirra aðgerða sem hér er lýst og útgjöld vegna bóta aukast. Ætla má að kostnaður vegna aðgerðanna verði tæplega 47 ma.kr. á árunum 2008 til 2010, eftir að tekið hefur verið tillit til eftirspurnaráhrifa þeirra.¹ Þessi kostnaður eykst enn á árunum 2011 og 2012 þegar hækkun persónuafsláttar kemur að fullu fram. Þá er áætlað að kostnaðurinn nemi um 41 ma.kr.

¹ Í matinu er ekki tekið tillit til niðurfellingar stimpilgjalda vegna lána til kaupa á fyrstu fasteign sem áætlað er að taki gildi 1. júlí n.k. samkvæmt frumvarpi sem lagt hefur verið fram á Alþingi. Ekki hefur heldur verið tekið tillit til ýmissa ótímasettra loforða t.a.m. lækkunar vöruverðs sem ríkisstjórnin lofaði að beita sér fyrir.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Seðlabanki Íslands bendir á að tímasetning fjármálaaðgerða af þessu tagi skiptir máli, bæði hvað varðar áhrif þeirra á umsvif í hagkerfinu og afkomu ríkissjóðs. Í ljósi efnahagsaðstæðna er æskilegt að opinber fjármál yrðu sem aðhaldssöm must í ár, eða allt þar til svo mikið hefur dregið úr spennu í þjóðarbúskapnum að verðbólga geti hjaðnað hratt að verðból gumarkmiði. Töluverð framleiðsluspenna, þ.e.a.s. munur eftirspurnar og áætlaðrar framleiðslugetu, var enn fyrir hendi í byrjun þessa árs og samkvæmt nýjustu spá Seðlabankans er áætlað að svo verði fram á mitt næsta ár. Einnig munu áhrif aðgerðanna bætast við neikvæð áhrif samdráttar í þjóðarbúskapnum á næstu árum.

Virðingarfyllst

SEÐLABANKI ÍSLANDS



Davíð Oddsson
formaður bankastjórnar



Eiríkur Guðnason
bankastjóri